



Maðurinn minn tók myndina þegar ég var nýbyrjuð í sérnáminu á augndeildinni í Vejle. Ég held á dóttur okkur, Láru Lillian tveggja ára, og er ólétt að Karli Jóhanni.

Sveina Björk Karlsdóttir
augnlæknir

Íslenska stelpan

Ég gerði mér fyrst grein fyrir því þegar ég settist niður til að skrifa grein fyrir Íslenska Læknablaðið að ég hef ekki skrifað almennilega á mínu móðurmáli frá því ég fluttist búferlum til Danmerkur árið 2008 til að hefja nám í læknisfræði í Árósum. Upphaflega ætlaði ég mér alltaf að flytja út, stunda námið og snúa svo aftur heim til Íslands en eins og svo oft í lífinu breyttust þær áætlanir.

Í dag bý ég, ásamt dönskum eiginni mínum og tveimur börnum, í Vejle, í suðausturhluta Jótlands. Hér unum við okkur vel enda er Vejle þekkt fyrir náttúrufegurð með löngum dölum, bröttum brekkum og miklu skóglendi. Það er hreint yndislegt að vera í slíkri nánd við náttúruna enda er ég mikið náttúrubarn sjálf. Vejle uppfyllir því margt af því sem mér er kærast við Ísland.

Það reyndist mér oft og tíðum erfitt að tileinka mér annað tungumál, en í dag er ég jafnvel farin að hugsa á dönsku. Ég hef þó aldrei reynt að tala dönskuna með dönskum hreim því mér fannst það einhverra hluta vegna ekki eiga við mig. Það kemur því ekki á óvart að sjúklingar mínir eiga það til að spyrja mig hvaðan ég sé en einnig hvort að nafn mitt megi draga af danska þjóðarfuglinum, svaninum. Ég ákvað að flytja til Danmerkur áður en ég sótti um nám í læknisfræði því ég vildi ná tókum á tungumálinu. Ég hóf nám í saum og hönnun við Textilskolen í Holte í Kaupmannahöfn og þar

kynntist ég þremur stelpum, tveimur frá Íslandi og einni frá Ástralíu og endaði með því að tala ensku alla önnina. Ég gat því ekki einu sinni gert mig skiljanlega á dönsku þegar ég reyndi að panta mér vatnsglas á veitingastað. Ég áttaði mig þó fljótt á því að Danir bera ekki fram orðin eins og þau eru skrifuð.

Það fór svo að ég hóf námið í Árósum, með lítil sem engin tök á tungumálinu og skildi ekki stakt orð í þeim fyrirlestrum sem ég sat. Tungumálið kom svo hægt og bitandi en lengi vel sat ég stjórf þegar samnemendur mínir skellihlógu að hnyttni fyrirlesarans því þrátt fyrir að hafa náð ágætis tókum á dönskunni þá tók enn lengri tíma að skilja danska húmorinn.

Ég var ung að árum þegar ég ákvað að ég skyldi verða læknir. Forsaga þess er að ég greindist ung með astma og fór í reglulegar skoðanir til Björns Árdal astma- og ofnæmislæknis. Hann hafði mikil áhrif á mig og greinilegt að hann hefur hrifið mig mikið því ég man ekki eftir öðru en að ég hafi alltaf viljað vera læknir þegar ég yrði stór. Ég hlýt að hafa rætt það líka við hvern sem vildi hlusta því ég var aðeins níu ára þegar vinkona mín teiknaði mig sem skurðlækni og sú mynd hefur fylgt mér alla tíð. Þegar maður rýnir í myndina stend ég fyrir framan skurðarborð með bangsa í annarri hönd og skurðarhníf í hinni. Svo má sjá stækkunargler á höfðinu, sem er skemmtileg tilviljun þar sem leið mín lá ófyrirsjáan-

lega í augnlæknisfræði. En sú ferð var ekki án krókaleiða því ég var upphaflega staðráðin í að ganga í danska herinn sem læknir og mér tókst á einhvern undravendan hátt að sannfæra þá um að ég væri fullfær um það og þeir buðu mér að mæta í inntökuprófið, þeir vissu jú að ég var greind með astma. Þrátt fyrir að hafa staðist prófin fengu þeir svo ekki leyfi hjá „hvítu mafíunni“ eins og þeir orðuðu það vegna astmans. Það var ákveðið bakslag fyrir mig á þeim tíma.

Í dag er ég þó ánægð hvernig allt fór því stuttu fyrir prófin kynntist ég maninum mínum og ári síðar eignuðumst við fyrsta barnið okkar. Ég var einnig svo gæfusöm að hafa starfað kandidateild mitt með lækni sem tjáði mér að henni þætti augnlæknisfræði hæfa mér einkar vel. Það fór svo að ég sótti um nokkurs konar kynningarstöðu á augnlækna-deildinni í Vejle. Sú sérgrein og deild hreif mig frá fyrsta degi. Stuttu eftir það fluttum við fjölskyldan til Vejle og nú höfum við búið hér í rúm fjögur ár og aðeins sjö mánuðir eftir af sérnáminu. Ég er þó ekki tilbúin til að verða fullorðin alveg strax og lét því til leiðast að taka doktorspróf á augnlækna-deildinni í Vejle áður en ég klára sérnámið.

Eftir 15 ár í Danmörku er mín gjarnan getið sem íslensku stelpunnar og oft er ég spurð hvort ég ætli nú ekki að flytja heim að loknu námi. Svárið er enn hið sama: „hver veit?“